

Hugmyndasamkeppni um menningarhús og kirkju í Mosfellsbæ



Janúar 2009

1. Kynning.....	2
1.1 Útbjóðandi	2
1.2 Verkefnið	2
1.3 Markmið.....	2
1.4 Sjónarmið dómnefndar	2
1.5 Tegund og tilhögun samkeppni.....	3
1.6 Verðlaun	3
2 Lýsing verkefnis	4
2.1 Almenn atriði.....	4
2.2 Keppnissvæði, lóð, aðkoma og umhverfi.....	4
2.3 Jarðvegur og veðurfar	6
2.4 Starfsemislýsing	6
2.5 Húsrymisáætlun – stærðarviðmið	11
2.6 Kostnaðarviðmiðun.....	12
3 Tæknileg tilhögun samkeppninnar	13
3.1 Þátttökuréttur	13
3.2 Afhending keppnisgagna - þátttökugjald.....	13
3.3 Keppnisgögn.....	13
3.4 Keppnistillögur	14
3.5 Fyrirspurnir	14
3.6 Skilafrestur, merking og afhending tillagna.....	14
3.7 Dómnefnd og ritari dómnefndar	15
3.8 Trúnaðarmaður.....	16
3.9 Úrslit	16
3.10 Sýning	16
3.11 Afhending keppnistillagna að lokinni samkeppni	16
3.12 Hagnýting keppnistillagna.....	16
3.13 Samþykki keppnislýsingar	17

1. KYNNING

1.1 Útbjóðandi

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar og Sóknarnefnd Lágafellssóknar (hér eftir nefndir útbjóðandi) efna til samkeppni um hönnun á menningarhúsi og kirkju í miðbæ Mosfellsbæjar, samkvæmt keppnislýsingu þessari og samkeppnisreglum Arkitektafélags Íslands (AÍ).



1.2 Verkefnið

Verkefnið felst í því að móta tillögur að sameiginlegu menningarhúsi og kirkju í miðbæ Mosfellsbæjar. Í samkeppnislýsingu þessari verður vísað til hinnar sameiginlegu byggingar menningarhúss og kirkju sem "hússins".

1.3 Markmið

Markmið framangreinds verkefnis er m.a.:

- að laða fram fjölbreyttar og metnaðarfullar hugmyndir að menningarhúsi og kirkju er myndi sterka starfræna og byggingarlistarlega heild
- að stuðla að samvinnu til eflingar kirkju- og menningarstarfsemi, er verði bæjarfélaginu til sóma og menningarlífi bæjarins til framdráttar
- að ná fram hagkvæmni í rekstri hússins, m.a. með samnýtingu búnaðar og skörun aðstöðu

1.4 Sjónarmið dómnefndar

Áhersluatriði dómnefndar við mat á lausnum eru m.a.:

- að heildaryfirbragð byggingarinnar endurspegli framsækna byggingarlist
- að byggingin falli vel að umhverfi sínu.
- að innra og ytra fyrirkomulag sé sannfærandi og í samræmi við húsrýmisáætlun
- að fagleg sjónarmið um starfsemi hússins verði höfð að leiðarljósi
- að skipulag lóðar og umhverfis falli að húsinu og nærliggjandi byggð
- að byggingin verði sveigjanleg í notkun
- að aðkoma og innra fyrirkomulag hússins verði aðlaðandi fyrir alla aldurshópa.
- að efnisval hæfi fyrirhugaðri starfsemi og stuðli að hóflegum rekstrar- og byggingarkostnaði
- að sérstaða **Urðanna** verði virt
- að áfangaskipting byggingarinnar verði auðveld


1.5 Tegund og tilhögun samkeppni

Samkeppnin er almenn hugmyndasamkeppni og opin öllum þeim sem uppfylla skilyrði keppnislýsingar sbr. gr. 3.1. Útbjóðandi er að leita eftir hugmynd um lausn á verkefninu, sem getur orðið að veruleika þegar lokið hefur verið við deiliskipulag miðbæjar Mosfellsbæjar. Reiknað er með að samið verði við höfund fyrstu verðlauna um verkið þegar lóðamál hússins eru frágengin og viðunandi samkomulag næst milli hans og útbjóðanda.

1.6 Verðlaun

Veitt verða verðlaun að heildarfjárhæð kr. 7.000.000. Stefnt er að því að veitt verði þrenn verðlaun. Fyrstu verðlaun verða eigi lægri en kr. 4.000.000. Auk heildarfjárhæðar verðlauna er dómnefnd heimilt að veita keppendum sérstakar viðurkenningar fyrir allt að kr. 1.000.000.

Útbjóðandi hyggst nýta sér niðurstöðu samkeppninnar og reiknað er með að sú hugmynd er hlýtur fyrstu verðlaun verði útfærð, samanber kafla 1.5. Útbjóðandi áskilur sér rétt til þess að nýta hugmyndir úr öllum verðlaunuðum tillögum að teknu tilliti til höfundarréttar. Útbjóðandi áskilur sér rétt til að hafna öllum tillögum sé dómnefnd sammála um að engin þeirra sé verðlaunahæf.



2 LÝSING VERKEFNIS

2.1 Almenn atriði

Húsið skal falla vel að umhverfi sínu og vera hagkvæmt bæði í byggingu og rekstri. Mikilvægt er að hafa að leiðarljósi að samlegðaráhrif náist í rekstri þeirra eininga sem starfræktar verða í húsinu. Aðgengi hreyfihamlaðra skal vera sem best verður á kosið, bæði í og við húsið.

Hönnunin þarf að gera mögulegt að áfangaskipta byggingu hússins, t.d. þannig að bókasafn og safnaðarsalur verði byggð í síðari áfanga. Einnig þarf að gera ráð fyrir stækkunarmöguleikum hússins í framtíðinni fyrir bæjarfélag í vexti.

Lóð hússins liggur að **Urðum**, sem eru hverfisverndaðar jökulsorfnar grágrýtisklappir með lágum lynggróðri. Þessar klappir eru mikilvægar fyrir umhverfisfræðslu og útivist í hjarta bæjarins. Mikil áhersla er lögð á að keppendur taki tillit til mikilvægi klappanna fyrir miðbæinn og nýti þær af virðingu við mótun tillagna sinna.

Keppendum er bent á að kynna sér metnaðarfulla stefnumótun Mosfellsbæjar og safnaðarstarf Lágafellskirkju á vefsvæðunum: www.mos.is/stjornsvsla/stefnumotun og www.lagafellskirkja.is.


2.2 Keppnissvæði, lóð, aðkoma og umhverfi

1. Skipulag miðbæjarsvæðisins

Unnið er að endurskoðun miðbæjarskipulags og er keppnin innlegg í þá vinnu. Nú þegar eru fyrirbyggjandi hugmyndir að nýju deiliskipulagi, en þær eiga eftir að fara í lögboðna kynningu. Markmið hins nýja deiliskipulags er að skapa lifandi miðbæ í Mosfellsbæ. Skipulagið gerir ráð fyrir blandaðri byggð með íbúðum, verslunum, þjónustu, menningar- og menntastofnunum á miðsvæði Mosfellsbæjar. Drög að deiliskipulagi og kynning á hugmyndum um



miðbæjarskipulagið fylgja með keppnisgögnum, sbr. fylgiskjal 4. Keppendur eru ekki bundnir af þeim tillögum sem liggja fyrir um skipulag svæðisins. Víki keppendur verulega frá þeim hugmyndum sem liggja fyrir ber þeim þó að gera sérstaka grein fyrir ástæðum þess í greinargerð með tillögu sinni.



Afmörkun samkeppnissvæðis

2. Samkeppnissvæðið

Samkeppnissvæðið er innan þess svæðis sem tillaga um nýtt miðbæjarskipulag fjallar um og er afmörkun þess sýnd á mynd hér að neðan og á tölvutækum uppdráttum sem eru hluti keppnisgagna. Keppnissvæðið er um 6.850 m² og skal húsið og lóð þess vera innan keppnissvæðisins. Afmörkun þess tekur mið af fyrirliggjandi tillögu að miðbæjarskipulagi en keppendur eru að öðru leyti ekki bundnir af því sem fram kemur um húsið í skipulagstillögunni, enda er reiknað með að endanleg skipulagstillaga verði löguð að niðurstöðu samkeppninnar.

3. Urðir – hverfisverndað svæði

Klapparholtið, sem liggur miðsvæðis á milli Háholts og Þverholts, er afmarkað sem hverfisverndað svæði í aðalskipulagi. Um hverfisverndina gilda ákvæði gr. 2.1.4 í aðalskipulagi (hverfisverndarákvæði um urðir).



Samkvæmt álitni Náttúruverndar ríkisins frá 19. maí 2000 er hér um að ræða minjar sem ber að friðlýsa sem náttúruvætti sbr. 2. tölulið 53 gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Klapparholtið er mikilvægt svæði, bæði í fræðilegum skilningi (ísaldarminjar) og sem þýði fyrir miðbæ Mosfellsbæjar. Í drögum að deiliskipulagi miðbæjar er eldri mörkum hverfisverndarsvæðisins hnikað litillega vegna fyrirhugaðrar lóðar kirkju- og menningarhúss.

4. Umhverfi samkeppnissvæðisins

Í norðvestur liggur lóðin að áður nefndum **Urðum**. Austan við lóð kirkju og menningarhúss er Háholt 14, verslunar- og þjónustuhúsnæði, þar sem meðal annars er tónlistardeild Listaskóla Mosfellsbæjar. Norðaustan við lóðina er nýtt miðbæjartorg og handan við það er Kjarni, þar sem m.a. eru bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar, bókasafn og heilsugæsla. Vestan við lóðina er fyrirhuguð bygging fyrir verslun og þjónustu og sunnan við lóðina, handan við götu, er nú þegar verslunarkjarni. Fyrirhugað er að byggja framhaldsskóla suðvestast á miðbæjarsvæðinu. Sú hugmynd hefur komið fram að sunnan og framan við húsið verði nýtt aðkomutorg og að húsið tengi saman tvö torg, hið nýja aðkomutorg og miðbæjartorgið. Huga þarf að tengingum hússins við framangreint umhverfi. Áhersla er lögð á góð tengsl við Listaskólann í Háholti 14. Þannig geti menningarhús, kirkja og Kjarni ásamt torgum orðið þungamiðja nýs miðbæjar Mosfellsbæjar. Markmiðið með staðsetningu hússins er m.a. tenging við Urðir og því er mikilvægt að rask verði sem minnst og að húsið og Urðir falli vel saman.

5. Aðkoma og bílastæði

Gera skal ráð fyrir 70 stæðum fyrir húsið innan samkeppnissvæðisins. Nánar tiltekið er gert ráð fyrir því að um 25 stæði verði á lóð hússins ofanjarðar en um 45 stæði verði í bílakjallara undir húsinu. Keppendur skulu gera grein fyrir staðsetningu stæða á lóðinni, sleppistæðum, aðkomu að húsinu og bílakjallara. Í tillögu að deiliskipulagi er aðal aðkoma að húsinu frá nýju aðkomutorgi við Háholt.

Bílakjallari má ekki ná út fyrir grunnflöt hússins í átt að holtinu.

2.3 Jarðvegur og veðurfar

Allt bendir til þess að grunnt sé á fasta klöpp allsstaðar á lóðinni. Af vindrósum frá Kjalarnesi og Korpu má dæma að austlægar áttir séu ríkjandi á þeim stöðum, en suðaustanátt mun vera ríkjandi á miðbæjarsvæðinu. Austan og norðaustanáttir geta orðið hvassar víðast hvar í sveitarfélaginu. Suðaustanátt getur orðið hvöss í grennd við Úlfarsfell en dregur nokkuð úr vindstyrk er norðar dregur. Norðanátt er að jafnaði hæg á öllu svæðinu. Suðvestanátt er að jafnaði hæg vindátt á svæðinu. Á sumardögum er hafgola, hæg norðvestanátt, áberandi þáttur í vindafari bæjarins.

2.4 Starfsemislýsing

1. Almennt

Gert er ráð fyrir að í húsinu verði fjölbreytt starfsemi á vegum kirkju og menningarhúss, svosem hefðbundið kirkjustarf, safnaðarsalur, bókasafn, lista- og tónlistarsalir og veitingarekstur. Að auki er gert ráð fyrir ýmisskonar aðstöðu bæði fyrir starfsmenn og gesti hússins.



2. Tenging starfsemi

Gert er ráð fyrir því að einhvers konar gata eða torg verði lífæð í gegnum húsið og tengist aðkomu að því (hér eftir verður talað um “götuna” sem þessa lífæð hússins). Öll starfsemi í húsinu tengist götunni á einn eða annan hátt. Gatan gæti auk þess tengt saman aðkomutorg sunnan við húsið (sbr. deiliskipulagstillögu), framhaldsskóla Mosfellsbæjar sem staðsettur verður vestast í miðbænum, Listaskóla Mosfellsbæjar (tónlistardeild) í Háholti 14, miðbæjartorgið og Kjarna. Hafa verður í huga að líklegir gestir hússins eru meðal annars nemendur framhaldsskóla, leik- og grunnskóla og listaskóla. Gera skal ráð fyrir því að hægt verði að sýna myndlist á “götunni” og þá helst í tengslum við veitingasöluna (kafli 11).

3. Kirkjuskip

Við tillögugerðina skal hafa til hliðsjónar og taka tillit til allra þeirra ólíku athafna sem fram fara í kirkju. Auk hefðbundinnar guðspjónustu eru fermingar, giftingar, skírnir og útfarir í kirkjunni. Kirkjan verður auk þess notuð til tónleikahalds og fyrirlestra. Hugsanlegt er í þessu augnamiði, að búnaður í kór sé færarlegur út úr rýminu. Um er að ræða grátur, prédikunarstól, skírnarfont, ræðupúlt og stóla fyrir messuþjóna, brúðhjón og svaramenn.

Gera skal ráð fyrir altaristöflu í kirkjunni, en altarið er brennidepill kirkjuskipsins. Altari skal vera staðsett þannig í rýminu að prestur geti þjónað báðum megin við það. Altari skal vera fast. Æskilegt er að altari sé staðsett mót rísandi sól frá söfnuði séð.

Sæti skulu vera fyrir 450 gesti í kirkjunni. Gæta skal þess að sjónlína að altari sé góð og ekki sé óeðlilega langt frá altari að aftasta bekk (hámark 15 til 17 bekkjaraðir). Miðjugangur skal vera a.m.k. 3 m breiður vegna kistuburðar. Reikna skal með stólum í kirkjunni, fremur en bekkjum. Mikil áhersla er lögð á nánd safnaðar við þá sem stýra helgihaldi. Kirkjurýmið skal vera formað þannig að auðvelt sé að mæta hljóðtækniröfum hins talaða orðs, hljómlistar og söngs. Taka skal tillit til þess að í kirkjunni geti orðið skjávarpi og tjald.

Æskileg innkoma prests frá skróðhúsi í kirkjuna er frá hlið framan altaris. Einnig þarf prestur að hafa tenginu frá skróðhúsi í forkirkju vegna innkomu þaðan. Kirkjukór skal staðsettur á móti söfnuði og skal söngfólk og organisti hafa aðstöðu til að setjast niður þar sem sungið er. Ekki er því gert ráð fyrir sönglofti í kirkjunni. Æskilegt er að aðkoma organista og kórs sé á hlið kirkjunnar sem næst orgeli. Gera skal ráð fyrir 35 radda orgeli og 20 manna kór að jafnaði. Stærð á orgeli er háð rými kirkjuskips en áætlað er að orgel sé 6 x 6 x 6 m, hæð x breidd x þykkt. Hluti af kirkjulegri athöfn er hringing kirkjuklukkna. Gera skal ráð fyrir þremur klukkum í eða við kirkjuna.

4. Skróðhús

Úr skróðhúsi skal vera beinn aðgangur að kór kirkjunnar og einnig þarf að tengja skróðhús við forkirkju. Skróðhús skal hafa inngang utanfrá. Í skróðhúsi þarf að vera aðstaða fyrir presta til að skryðast messuklæðum. Í því rými skulu vera góðir fataskápar og snyrting. Við skírnir þurfa foreldrar og aðrir aðstandendur barna að geta athafnað sig í skróðhúsinu. Sú aðstaða sé fyrst og fremst sæmilega rúmgott rými, stólar og borð. Meðhjálpari hefur sína aðstöðu í skróðhúsi. Þessi aðstaða er fyrst og fremst borðpláss og stóll.

5. Forkirkja

Forkirkjan þarf að tengjast aðkomutorginu þannig að hægt sé að bera kistu í og úr kirkju án þess að fara í gegnum “götuna”. Greiður aðgangur skal vera til flutnings kistu að og frá kirkju. Framan við útidyr forkirkju skal gert ráð fyrir aðkomu fyrir líkbíl. Gengið skal inn um breiðar tvöfaldar dyr inn í forkirkju og um aðrar slíkar inn í kirkjuskipið. Sameiginleg fatahengi og snyrtingar hússins skulu vera í góðum tengslum við forkirkjuna.

6. Safnaðarsalur

Salurinn í fullri stærð skal rúma 250 manns við borð. Hann skal a.m.k. að hluta til vera hægt að opna inn í kirkjurýmið til stækkunar á því (100 -150 manns í sæti). Loka skal milli þessara rýma með hljóðeinönguðum kerfisvegg. Sjálfum salnum þarf að vera hægt að skipta niður í minni (misstóra) sali með samskonar veggjum. Í salnum verður skjávarpi og tjald og því þarf að vera hægt að skyggja glugga með tjöldum ef gluggar eru á salnum. Aðgengi að safnaðarsal sé frá forkirkju og "götu". Æskilegt væri að geta opnað safnaðarsalinn út á "götuna". Einnig má skoða þann möguleika að hægt verði að tengja saman safnaðarsal og myndlistarsal.

7. Eldhús tengt safnaðarsal

Gert er ráð fyrir því að tengt safnaðarsal verði eldhús þar sem hægt er að elda og útbúa mat fyrir um 100 manns. Auðvelt þarf að vera að koma aðsendum matföngum í eldhúsið. Gert er ráð fyrir því að eldhúsið geti einnig þjónað myndlistarsal og "götu". Rúmgóð geymsla skal fylgja eldhúsinu. Búnings- og baðaðstaða starfsfólks er sameiginleg með skrifstofuaðstöðunni, en snyrting þarf auk þess að vera í tengslum við eldhúsið.



8. Skrifstofur kirkju og menningarhúss – aðstaða starfsfólks

Skrifstofuaðstaðan skal skiptast í tvennt, en samnýting er þó möguleg að einhverju leyti. Skrifstofur safnaðarstarfs eru að hluta til vinnuaðstaða presta með tilheyrandi viðtals og fundarherbergjum og kennslustofum. Þarna fer fram, auk venjulegra skrifstofustarfa, barna og unglingastarf sóknarinnar. Skrifstofuaðstaða safnaðarins skal vera með aðgengi frá "götu" og einnig hafa beint aðgengi utanfrá, vegna starfsemi utan opnunartíma "götunnar".

Vegna rekstrar hússins er um að ræða venjulega skrifstofuaðstöðu með aðgengi frá "götunni". Hægt þarf að vera að loka (læsa) skrifstofuálmunni frá öðrum hlutum hússins. Áætlað er að heildarfjöldi starfsmanna í öllu húsinu verði 25 til 30 manns. Samnýting gæti verið um ýmsan búnað, svo sem prentun og ljósritun. Æskilegt er að samnýting geti verið um fundaaðstöðu starfsmanna og einnig mætti gera ráð fyrir sameiginlegri kaffiaðstöðu fyrir starfsmenn hússins. Gera þarf ráð fyrir snyrtiaðstöðu í samræmi við byggingareglugerð.

9. Bókasafn/menningarmiðstöð

Bókasafn Mosfellsbæjar er menningar-, mennta-, upplýsinga- og tómstundastofnun Mosfellinga. Heimsóknir eru um 70.000 á ári og útlán um 76.000. Bókasafnskýmið skal vera opið og bjart og tengjast "götu" hússins. Það er æskilegt að hægt sé að opna bókasafnskýmið út á "götuna" og út á miðbæjartorgið. Æskilegt er að starfsemi bókasafnsins verði á einni hæð. Vinnuaðstaða starfsmanna þarf að vera afmörkuð, en þó í nánnum tengslum við starfsemina. Æskilegt er að safnið tengist veitingasölu hússins. Geymsla/nærsafn verður að vera hluti af safninu. Æskilegt að safnið sé í tengslum við tónleika- og ráðstefnusal. Almenningskýmið er alrými eða opið og verður skipt niður í deildir með færanlegum bókahillum. Skrifstofa forstöðumanns þarf að hafa smá fundaraðstöðu.

Tvö vinnuherbergi starfsmanna verða með 8 vinnustöðvum.¹ Mikilvægt er að bókasafnið hafi litla funda- og kaffiaðstöðu sem þjónar því hlutverki að hýsa minni fundi starfsmanna. Taka þarf tillit til þess í hönnun að nútímabókasafn þarf að bjóða upp á fjölbreytta þjónustu og starfsemi m.a. er upplýsingaþjónusta fyrir ferðamenn staðsett í safninu.²

10. Myndlistarsalur

Í tengslum við bókasafnið er myndlistarsalur. Hægt þarf að vera að skipta honum niður í þrjá minni sali með léttum renniveggjum. Huga þarf sérstaklega að því að lýsing í myndlistarrými sé í samræmi við nútímakröfur fyrir sýningarsali. Í bakrými við salinn skal vera geymsla, m.a. vegna margvíslegra stoðtækja við sýningar. Þá skal einnig vera í bakrýmum vinnuaðstaða til að undirbúa sýningar og skal sú undirbúningsaðstaða rúma m.a. möguleika fyrir undirbúning innsetninga og gjörninga og annarra þátta sem snerta nútímamyndlistasýningarsal.



Gera þarf ráð fyrir því að við opnanir er boðið upp á veitingar. Einnig þarf að huga að innri búnaði sýningarsalarins, sem snertir leiðir til að koma margvíslegum sýningarverkum á framfæri, bæði sjónrænt og heyrnrænt. Því þarf m.a. annars að huga að hljóðkerfi og lofthæð. Æskileg lofthæð er 5 metrar, amk. í hluta salarins. Æskilegt er að röksemdir frá sérfræðingum um sýningarhald fylgi öðrum hugmyndum um útfærslu myndlistarsalarins. Skoða má þann möguleika að hægt verði að tengja saman safnaðarsal og myndlistarsal.

11. Veitingasala

Í tengslum við sameiginlegt rými húss og bókasafns skal vera kaffi- og súpueldhús fyrir almennan og opinn veitingarekstur. Því fylgir smá eldhús og geymsla. Borðsalur má gjarnan vera stækkanlegur út "götuna". Æskilegt er að veitingasala verði í tengslum við bókasafn. Fjöldi borða (4 manna) skal vera 15. Baðaðstaða starfsfólks getur verið sameiginleg með í skrifstofuaðstöðunni.

12. Tónleika- og ráðstefnusalur

Salurinn verði notaður fyrir tónleika, ráðstefnur, söngæfingar, fyrirlestra og hvers kyns kynningar. Hann skal vera með hallandi gólfi og vönduðum sætum. Huga þarf að lausnum varðandi svið, þó ekki sé reiknað með föstu upphækkuðu sviði í salnum. Sætafjöldi sé u.þ.b. 120. Í bakrými við salinn er aðstaða fyrir tónlistarfólk og fyrirlesara. Ein snyrting þarf að vera í

¹ Mesta plássíð tekur aðstaða fyrir starfsmann við frágang og viðgerðir safngagna svo og aðstaða fyrir skráningar- og flokkunarvinnu og upplýsingaþjónustu tveggja bókasafnsfræðinga. Síðan þarf starfsaðstöðu fyrir starfsmann sem hefur umsjón með barnastarfi og samvinnu við leik- og grunnskóla. Þá þarf bókmenntafræðingur og prófarkalesari skrifstofuaðstöðu og grafískur hönnuður bókasafnsins alveg sérstaka aðstöðu. Bókasafnið framleiðir fjölda bæklinga og heldur úti heimasíðu. Umsjónarmaður afgreiðslu þarf aðstöðu, m.a. við uppgjör. Þjónustufulltrúar skipta með sér einni aðstöðu.

² Hefðbundin útlánastarfsemi er á bókum, timaritum, DVD, tónlist og hljóðbókum. Internetaðgangur er fyrir viðskiptavinum safnsins, bæði þráðlaust og í tölvum safnsins. Auk þess stendur bókasafnið fyrir fjölda alls kyns viðburða og dagskráratriða fyrir fullorðna og börn. Má nefna bókmenntaviðburði og kynningar af ýmsu tagi fyrir fullorðna, og sögustundir, safnkynningar, leikrit og lestrar hvetjandi verkefni alls konar í samvinnu við grunnskólana. Bókasafnið er í fjölbreyttu samstarfi við stofnanir og félagasamtök. Auk þessara verkefna eru vinabæjamál hluti af verkefnum stofnunarinnar.

sambandi við bakrýmið, auk geymslurýmis fyrir smámuni eins og púlt, borð og ýmislegt tengt hljóði. Lofthæð í salnum allt að 5 m er æskileg vegna hljómburðar.

13. Snyrtingar fyrir almenning

Í tengslum við götuna skulu vera snyrtingar fyrir gesti hússins. Reikna skal með að þær hæfi fjölda matargesta í safnaðarsalnum, eða 250 manns.

14. Ræsting fyrir húsið

Í kjallara skal vera rúmgóð ræstimiðstöð fyrir húsið. Staðsetning skal vera sem næst stiga og lyftu. Að auki þarf að gera ráð fyrir a.m.k. 4 litlum ræstiklefum í húsinu.

15. Geymslur í kjallara

Í kjallara skulu vera rúmgóðar geymslur fyrir húsið. Staðsetning þeirra skal vera sem næst stiga og lyftu. Sérþúfa þarf geymslur vegna húsgagna og búnaðar sem getur samnýst í rekstri aðila hússins, svo sem í safnaðarheimili, bókasafni, myndlistarsal og í alrými.



16. Bílgeymsla í kjallara

Í kjallara skulu vera bílastæði fyrir um 45 bíla.

2.5 Húsrýmisáætlun – stærðarviðmið³

1. Almenn

- Allar uppgefnar stærðir eru nettóstærðir. Veggir, vindföng, gangar, stigar lyftuhús, snyrtingar og ræstirými eru utan áætlunar.

2. Tenging starfsemi - sameiginlegt opið rými

- Gatan

350 m²

350 m²

3. Kirkjuskip

- Kirkjuskip með kór
- Kirkjuskip og orgel

730 m²

670 m²

60 m²

4. Skrúðhús

- Skrúðhús

35 m²

35 m²

5 Forkirkja

- Forkirkja

45 m²

45 m²

6. Safnaðarsalur

- Safnaðarsalur

375 m²

375 m²

7. Eldhús tengt safnaðarsal

- Móttökueldhús
- Geymsla
- Búnings- og snyrtiaðstaða starfsfólks

50 m²

25 m²

10 m²

15 m²

8. Skrifstofur kirkju og menningarhúss - aðstaða starfsfólks

364 m²

Safnaðarstarf

m²

- Skrifstofa og viðtalsherbergi sóknarprests
- Skrifstofa og viðtalsherbergi prests
- Skrifstofa og viðtalsherbergi prests
- Skrifstofa og viðtalsherbergi djákna
- Fundaherbergi
- Opið vinnurými fyrir fjóra
- Framkvæmdastjóri sóknar
- Organisti
- Kennslustofa fyrir barnastarfs
- Kennslustofa fermningarfræðslu
- Barnastarf - leikaðstaða (æskulýðsstarf)
- Biðstofur fyrir gesti (barnahorn eða leikhorn)
- Geymsluskaápar fyrir fermingarkyrtila ofl.

20 m²

16 m²

16 m²

14 m²

20 m²

30 m²

14 m²

14 m²

30 m²

40 m²

25 m²

25 m²

5 m²

Rekstur hússins

m²

- Skrifstofa rekstrarstjóra
- Opin skrifstofuaðstaða fyrir tvo
- Fundaherbergi
- Kaffistofa starfsmanna
- Ræstiklefi og geymsla

20 m²

20 m²

20 m²

30 m²

5 m²

³ Allar uppgefnar stærðir eru nettóstærðir. Veggir, vindföng, gangar, stigar lyftuhús, snyrtingar og ræstirými eru utan áætlunar. Sjá þó liði 12 og 13.

9. Bókasafn / menningarmiðstöð	1000 m²
• Bókasafnssalur	850 m ²
• Skrifstofa forstöðumanns með smá fundaaðstöðu	20 m ²
• Tvö vinnurými fyrir fjóra hvort	70 m ²
• Fundaherbergi starfsmanna	25 m ²
• Snyrtingar og búningsaðstaða	20 m ²
• Ræstiklefi og geymsla / nærsafn	15 m ²
10. Myndlistarsalur	400 m²
• Salurinn	370 m ²
• Bakrými fyrir salinn	30 m ²
11. Veitingasala	47 m²
• Eldhús og geymsla	25 m ²
• Borðsalur (0,8 m ² á gest)	20 m ²
• Ræstiklefi	2 m ²
12. Tónleika- og ráðstefnusalur	190 m²
• Salur	170 m ²
• Bakrými fyrir salinn	20 m ²
13. Snyrting fyrir almenning	40 m²
• Snyrtingar fyrir allt húsið	40 m ²
14. Ræsting fyrir húsið	15 m²
• Ræstiklefi	15 m ²
15. Geymslur í kjallara	225 m²
• Geymsla fyrir bókasafn	50 m ²
• Geymsla fyrir safnaðarsal	50 m ²
• Almenn geymsla fyrir húsið	60 m ²
• Sameiginleg geymsla vegna búnaðar og húsgagna	40 m ²
• Sorpgeymsla	25 m ²
16. Bílageymsla í kjallara	1350 m²
• Fjöldi bílastæða skal vera 45	1350 m ²
Húsrýmisáætlun alls	5216 m²

2.6 Kostnaðarviðmiðun

Keppendur skulu sýna kostnaðaraðgát bæði varðandi stofnkostnað svo og rekstrarkostnað. Dómnefnd áskilur sér rétt til að kostnaðarmeta tillögurnar og getur það haft áhrif á endanlegt mat.

3 TÆKNILEG TILHÖGUN SAMKEPPNINNAR

3.1 Þáttökuréttur

Rétt til þátttöku hafa íslenskir ríkisborgarar og erlendir arkitektar sem eru félagar í Arkitektafélagi Íslands. Auk dómara, ritara dómnefndar, trúnaðarmanns og ráðgjafa dómnefndar, er þátttaka óheimil þeim sem rekur fyrirtæki með þessum aðilum, vinnur að verk-efnum með þeim eða er þeim nátengdur. Vafatílfelli skal bera undir stjórn AÍ.

3.2 Afhending keppnisgagna - þáttökugjald

Keppnislýsing verður aðgengileg á vefsíðum Arkitektafélagsins, www.ai.is, og Mosfellsbæjar www.mos.is frá og með miðvikudeginum 4. febrúar 2009.

Önnur keppnisgögn verða afhent í rafrænu formi frá og með sama degi, gegn skilatryggingu að upphæð kr. 5.000, á skrifstofu Arkitektafélags Íslands, Engjateigi 9, 2. hæð, á milli 09:00-13:00 virka daga. Trúnaðarmaður endurgreiðir trygginguna gegn framvísun kvittunar, þegar tillögum eða keppnisgögnum er skilað til hans innan tilskilins skilafrests. Skilatrygging verður ekki endurgreidd eftir skiladag, fimmtudaginn 30. apríl 2009.

Við skráningu skal fylla út samskiptamiða með nafni tengiliðar viðkomandi hönnuðar eða hönnunarhóps. Á miðanum komi fram auk nafns, heimilisfang, sími og netfang. Öll samskipti, meðan á samkeppninni stendur, fara fram á milli trúnaðarmanns og þessa tengiliðar. Einungis þeir sem hafa skráð sig hafa aðgang að öðrum samkeppnisgögnum en keppnislýsingu, sem og fyrirspurnum og svörum við þeim. Skráning fer fram um leið og keppnisgögn eru sótt.



3.3 Keppnisgögn

1. Samkeppnislýsing þessi.
2. Uppdrættir og loftmyndir
3. Gildandi aðalskipulag
4. Hugmyndir um deiliskipulag.
5. Uppdrættir af aðliggjandi húsum.
6. Ljósmyndir af svæðinu ⁴

Gögnin eru afhent á geisladiski.

⁴ Ljósmyndarar eru Þorsteinn Narfason og Finnur Birgisson.

3.4 Keppnistillögur

Keppendur skulu skila eftirtöldum gögnum:

1. Greinargerð, þar sem lýst er megininntaki tillögunnar, helstu forsendum og markmiðum og gerð grein fyrir helstu stærðum, uppbyggingu og efnisnotkun. Greinargerðin skal koma fram á tillöguuppráttunum, en henni skal einnig skila í 6 eintökum í arkastærðinni A3. Lengd greinargerðar skal ekki vera lengri en 1000 orð, stafastærð 10 punktar. Birta skal smækkaða uppdrætti með greinargerðinni.
2. Afstöðumynd með norður upp, í mkv. 1:1.000, sem sýnir tengsl byggingar við aðra hluta miðbæjarsvæðisins.
3. Grunnmyndir allra hæða í mkv. 1:200.
4. Skurðmyndir í mkv. 1:200.
5. Útlitsmyndir í mkv. 1:200.
6. Öllum innsendum gögnum skal einnig skila á tölvutæku formi á geisladiski.

Líkönnum verður ekki veitt móttaka en heimilt er að senda inn þrívíddarteikningar. Teikningar skulu vera í stærð A1 (59,4x84,1 cm) á ógegnsæjum pappír eða upplímdar á papp. Allur texti skal vera vélritaður. Tillöguarkir, þar með taldar arkir með greinargerð, mega ekki vera fleiri en 4. Gögn umfram það sem óskað er eftir, verða ekki tekin til dóms.

3.5 Fyrirspurnir

Fyrirspurnartímar verða tveir. Sá fyrri verður vikuna 2. til 9. mars 2009 og sá síðari verður vikuna 1. til 8. apríl 2009. Fyrirspurnir skal senda til trúnaðarmanns samkeppninnar fyrir lokadag hvors fyrirspurnartíma og hann mun leggja afrit af þeim fyrir dómnefndina. Trúnaðarmaður sendir síðan öllum skráðum keppendum allar fyrirspurnir, ásamt svörum dómnefndar, til þess netfangs eða heimilisfangs sem keppandi gaf upp þegar keppnisgögn voru sótt. Fyrirspurnum verður svarað innan viku frá lokum hvors fyrirspurnartíma.

3.6 Skilafrestur, merking og afhending tillagna

1. Tillögum skal skila til trúnaðarmanns, á skrifstofu Arkitektafélags Íslands að Engjateigi 9, 2. hæð, 105 Reykjavík, eigi síðar en fimmtudaginn 30. apríl 2009, kl. 17:00 að íslenskum tíma. Trúnaðarmaður tekur á móti tillögum á milli klukkan 14:00 og 17:00 þann dag. Þeir sem óska eftir að skila tillögum fyrir þennan tíma, skulu hafa samráð við trúnaðarmann. Við afhendingu á tillögu til trúnaðarmanns fær keppandi kvittun merkta auðkennistölu tillögunnar.

2. Nægilegt er að tillögum sé komið í hraðpóst eða flugafgreiðslu fyrir lok skilafrests, enda skal vottorð um það frá hlutaðeigandi afgreiðslumanni sent til trúnaðarmanns. Auk framan-skráðs skal keppandi strax tilkynna trúnaðarmanni með tölvupósti að tillaga hafi verið send. Í tölvubréfinu skal koma fram auðkennistala tillögunnar. Tillögum verður ekki veitt viðtaka lengur en sjö dögum eftir að skilafresti lýkur. Aðsendar tillögur skal stíla á heimilisfang trúnaðarmanns, Helga Hafliðasonar, sjá grein 3.8.

3. Auðkenna skal öll tillögugögn með fimm stafa tölu í reit 2 x 5 cm í hægra horni að neðan. Ógegnsætt umslag, merkt sömu tölu og "nafnmiði", skal fylgja tillögunni. Í umslaginu skal vera miði með nafni, heimilisfangi og símanúmeri höfundar eða höfunda og samstarfsmanna. Teikningar verða hengdar upp í skammsniði (e. portrait) og skal gerð grein fyrir upphengingu í hægra horni að neðan. Tillögum skal skila ósamanbrotnum og í flötum umbúðum. Umbúðir

tillögu skal merkja á sama hátt og tillöguna og á þær skal ritaður fjöldi tillögublaða. Teikningum í ramma eða gleri verður ekki veitt viðtaka.

4. Ófrávíkjanlegt skilyrði þess að tillögu sé veitt viðtaka og hún dæmd, er að henni sé skilað á réttum tíma og nafnleyndar gætt skv. samkeppnisreglum Arkitektafélags Íslands.

3.7 Dómnefnd og ritari dómnefndar

Dómnefnd skipa eftirtaldir:

Tilnefndir af útbjóðanda:

Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, formaður dómnefndar
Hilmar Sigurðsson, formaður sóknarnefndar Lágafellssóknar
Hanna Bjartmars Arnardóttir, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ

Tilnefndir af Arkitektafélagi Íslands:

Ólafur Sigurðsson, arkitekt
Ögmundur Skarphéðinsson, arkitekt

Sérlegir ráðgjafar dómnefndar eru:

Bryndís Brynjarsdóttir, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ
Helga Jóhannesdóttir, nefndarmaður í fræðslunefnd Mosfellsbæjar
Hreiðar Örn Stefánsson, framkvæmdastjóri Lágafellssóknar
Kristján Sigurbjarnarson, varaformaður sóknarnefndar Lágafellssóknar
Björn Þráinn Þórðarson, framkvæmdastjóri fræðslu- og menningarsviðs Mosfellsbæjar
Marta Hildur Richter, forstöðumaður bókasafns Mosfellsbæjar
Finnur Birgisson, skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar

Dómnefnd áskilur sér rétt til þess að kalla til fleiri faglega ráðgjafa.

Ritari dómnefndar er:

Brynhildur Georgsdóttir, verkefnastjóri eignasjóðs Mosfellsbæjar,

3.8 Trúnaðarmaður

Stjórn Arkitektafélags Íslands hefur tilnefnt trúnaðarmann keppinnar:

Helgi Hafliðason, arkitekt
Stuðlaseli 44, 109 Reykjavík
Símar: 552 2149 / 896 2149
Netfang: helgiha@simnet.is

3.9 Úrslit

Áætlað er að dómnefnd ljúki störfum fyrir föstudaginn 29. maí 2009. Strax og nafnleynd hefur verið rofin verður höfundum verðlaunatillagna sérstaklega tilkynnt um niðurstöður dómnefndar. Fréttatilkynning um úrslit verður birt í fjölmiðlum. Í henni kemur fram hvaða tillögur voru verðlaunaðar og hverjir eru höfundar þeirra. Jafnframt verður þess getið ef um athyglisverðar tillögur er að ræða. Dómnefnd mun leggja áherslu á að gefa út heildarumsögn um keppnina. Öllum tillögum sem teknar verða til dóms verður gefin umsögn.

3.10 Sýning

Haldin verður sýning á öllum keppnistillögum sem uppfylla skilyrði keppinnar við fyrsta tækifæri eftir að dómnefnd hefur lokið störfum. Tillögurnar verða sýndar undir höfundarnafni.

3.11 Afhending keppnistillagna að lokinni samkeppni

Að lokinni sýningu geta eigendur tillagna, sem ekki hljóta verðlaun eða viðurkenningu, sótt tillögur sínar á skrifstofu Arkitektafélags Íslands að Engjateigi 9, 2. hæð, 105 Reykjavík. Keppendur vitji tillagna sinna innan 10 daga eftir að sýningu lýkur.

3.12 Hagnýting keppnistillagna

Útbjóðandi öðlast afnotarétt af öllum verðlaunuðum tillögum með þeim takmörkunum sem höfundalög setja, en gerir sérstakan samning við höfund eða höfunda um hönnun þegar og ef framkvæmt verður eftir tillögunni. Reiknað er með, að höfundur fyrstu verðlauna verði ráðinn arkitekt vegna verkefnisins, sbr. 16. grein samkeppnisreglna AÍ, ef viðunandi samkomulag næst milli hans og útbjóðanda. Að samkeppni lokinni gefur útbjóðandi út í sérriiti yfirlit yfir verðlaunaðar og athyglisverðar tillögur, ásamt dómnefndaráliti um allar tillögur sem bárust í samkeppninni. Útbjóðandi öðlast rétt til slíkrar útgáfu án þess að greiða höfundum tillagna sérstaklega fyrir útgáfuréttinn.

3.13 Samþykki keppnislýsingar

Keppnislýsing þessi ásamt samkeppnisreglum AÍ er grundvöllur keppinnar. Keppnislýsingin er samþykkt af útbjóðanda keppinnar og dómnefndarmönnum. Formaður A.Í. samþykkir með undirritun sinni tæknilega tilhögun samkeppinnar.

Mosfellsbæ 2. febrúar 2009

Fyrir hönd útbjóðanda



Haraldur Sverrisson,
bæjarstjóri Mosfellsbæjar



Hilmar Sigurðsson,
formaður sóknarnefndar Lágafellssóknar

Það staðfestist hér með að keppnislýsing þessi er unnin samkvæmt samningi Arkitektafélags Íslands og útbjóðanda og er í samræmi við samkeppnisreglur Arkitektafélags Íslands.



Sigríður Magnúsdóttir,
formaður stjórnar Arkitektafélags Íslands

Dómnefnd samþykkir að dæma eftir keppnislýsingu þessari:



Haraldur Sverrisson, formaður dómnefndar




Hanna Bjartmarz Arnardóttir



Ólafur Sigurðsson



Hilmar Sigurðsson



Ógmundur Skarphéðinsson